



3. Ungt fólk sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt

Kristín Gísladóttir lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 2004 og hóf um haustið kennslu við Ölduselsskóla í Reykjavík, en hún var einmitt nemandi í Ölduselsskóla öll sín grunnskólaár.

Kristín kennir yngstu börnunum í skólanum, nemendum í 1. til 3. bekk. Hún er metnaðarfullur kennari og hefur náð mjög góðum árangri. Hún ber mikla virðingu fyrir nemendum sínum og því mikilvæga verkefni að hjálpa þeim til aukins þroska og menntunar. Henni er líka einkar lagið að byggja upp traust hjá foreldrum og fá þá til samvinnu. Hún er mjög næm á líðan nemenda sem standa höllum fæti. Þeir eiga ötulán talsmann í Kristínu. Einn af fjölmörgum kostum hennar er að hún hefur óbilandi trú á börnum til góðra verka.

Lokaverkefni Kristínar í kennaranámi fjallaði um mikilvægi félagsfærni og samskiptahæfni á yngsta stigi grunnskólans, en fyrir það fékk hún viðurkenningu úr Minningarsjóði Ásgeirs Björnssonar. Hugmyndafræðina sem hún fjallar um nýtir hún í starfi sínu því hún leggur mikla áherslu á að vinna með samskipti og vináttu og notar hrós og jákvæða hegðunarstjórnun. Með þessum aðferðum hefur Kristín náð afburða árangri. Vinnulag hennar er fyrirmynd fyrir aðra sem starfa í skólanum.

Kristín fer ótroðnar slóðir við að afla sér kennsluefnis. Ef hún er ekki sátt við það sem í boði er gerir hún sér lítið fyrir og semur nýtt. Þrátt fyrir stuttan starfsferil hefur hún þegar samið ýmiss konar námsefni, m.a. gagnvirkt efni á vef Námsgagnastofnunar og verkefni af ýmsu tagi.

Kristín er glæsilegur fulltrúi ungra kennara sem vita að færni, virðing og metnaður er lykillinn að farsælu og framsæknu skólastarfi.

